



dk Viðskiptahugbúnaður

- Handbók -

dkPOS bakvinnsluhluti

febrúar 2011



INNGANGUR	3
AFGREIÐSLUKERFIÐ DKPOS	4
BAKVINNSLUKERFI	5
SÖLUGÖGN DAGSINS	5
BAKVINNSLA – SÖLUGREINING – ÚTGÁFA 09.9.00.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
SKÝRSLUR	6
FLÝTIHNAPPAR	7
AÐGERÐARHNAPPAR	9
VINNSLUHNAPPAR	10
SÖLUMENN	11
GREIÐSLUTEGUNDIR	13
GREIÐSLUTEGUNDIR Í DK VIÐSKIPTAHUGBÚNAÐI	13
GREIÐSLUTEGUNDIR Í DKPOS AFGREIÐSLUKERFINU.....	15
GREIÐSLUTEGUNDIR – GJALDMÍÐLAR.....	16
MÍÐLUN GAGNA	17
SÖLUREIKNINGAR BÓKAÐIR	18
STILLING Á BÓKUN SÖLUREIKNINGA Í DK	19
VÖRUSALA YFIR TÍMABIL	20
DKPOS SÖLUKERFI.....	20
DKPOS BAKVINNSLA.....	21
DK HUGBÚNAÐUR	21
AÐRAR LEIÐBEININGAR	22

Inngangur

Þessi handbók er fyrir kerfishluta dk viðskiptahugbúnaðar. Hún er ein af mörgum handbókum og hjálpargögnum fyrir dk viðskiptahugbúnaðinn.

Notandaviðmót dk viðskiptahugbúnaðar er allt myndrænt sem hefur þann kost í för með sér að hægt er að opna marga og óskylda glugga samtímis og skoða gögnin frá ýmsum sjónarhornum. Jafnvel er hægt að opna sama gluggann oft og nota þá t.d. mismunandi afmarkanir til að skoða sömu upplýsingar.

Aðalvalmynd dk er staðsett á miðjum skjá og er tvískipt. Vinstri helmingur valmyndarinnar inniheldur öll aðal kerfin, svo sem Fjárhagur, Skuldunautar, Lánardrottinnar, Sölureikningar, Birgðir, Innkaup, Verk, Laun og Almennt. Hægri helmingurinn inniheldur svo undirvinnsur hvers aðalkerfis og er sá helmingur uppbyggður eins og tré sem notendur kannast við, sem dæmi í "Windows Explorer".

Í þessari handbók er lýst notkun kerfishlutans *dkPOS bakvinnsluhluti*. Henni er ætlað að gefa notendum innsýn í uppbyggingu og daglega notkun bakvinnslukerfis dkPOS. Ekki er þörf á sérkunnáttu í bókhaldi til að hægt sé að nota handbókina.



Afgreiðslukerfið dkPOS

Afgreiðslukerfið í dk er fyrir sérvöruverslanir og aðra afgreiðslustaði þar sem þörf er á mismunandi notendaskilum. dkPOS afgreiðslukassinn er mikilvægur hluti afgreiðslukerfisins og er fjallað sérstaklega um hann hér í handbókinni. Í kassalausninni er auðvelt að setja upp sölufærslur, öll umsýsla er einföld og úrvinnslan að mestu sjálfvirk. Í dkPOS er vinnsluhraði með því besta sem gerist, viðmótið afar notendavænt og auðlært.

Hraði

Mikill afgreiðsluhraði er einn af helstu kostum dkPOS. Öll vörunúmer eru geymd í kassanum sjálfum svo skönnun gengur hratt og vel fyrir sig. Einfaldar aðgerðir tryggja lágmarks afgreiðslutíma svo verslanir geta hæglega fækkað afgreiðslustöðvum sínum.

Útlit að eigin vali

dkPOS er afar sveigjanlegt kassakerfi. Hægt er að stilla hnappa eftir óskum, bæta við eða eyða eftir þörfum. Nota má lyklaborð, aðgerðalykla og snertiskjá með kassakerfinu. Kerfið býður upp á margs konar virkni og einnig er hægt að bæta við virkni í sérstökum tilfellum ef þörf krefur.

Öryggi og áreiðanleiki

Afrit er tekið af hverri afgreiðslu á öllum kössum um leið og hún er framkvæmd, auk þess sem kassarnir sjálfir geyma upplýsingar aftur í tímann. Sjálfstæði dkPOS tryggir að afgreiðsla stöðvast ekki þrátt fyrir utanaðkomandi röskun.

Öflugt bakvinnslukerfi

Með dk bókhaldskerfi og bakvinnslukerfi dkPOS er unnið með heilstætt kerfi sem hentar nánast öllum tegundum verslana. Bakvinnslan auðveldar verslunarstjórum umsjón með lager og innkaupum og afar auðvelt er að halda utan um verðbreytingar og afslætti. Einnig býður kerfið upp á öflug greiningartól. Það er leikur einn að halda utan um afgreiðslukassana frá bakvinnslu hvort sem þörf er á að stofna nýjan afgreiðslumann, framkvæma kassauppgjör eða fletta sögu (log) bókinni.

Sölugreining

Sölugreining er mikilvægur þáttur í rekstri verslana. Notendur dkPOS geta fengið skýrslur eftir sölu á vörum, vöruflokkum, kössum og afgreiðslumönnum. Einnig fylgja með ítarlegar skýrslur um tilboð, birgðir og uppgjör.


Framtíðarlausn

dkPOS er framtíðarlausn sem byggir á nýjustu tækni og getur vaxið í takt við aukin umsvif í rekstri. Kerfið er hannað hvort sem er fyrir stakar verslanir með einn, tvo eða þrjá afgreiðslukassa eða fyrir fyrirtæki þar sem notendafjöldi og fjöldi verslana er nánast ótakmarkaður.

Bakvinnslukerfi

Sölugögn dagsins

Aðalvalmynd bakvinnslukerfis sýnir sölu dagsins, sundurliðað á verlanir.




Hér er unnið úr þeim söpureikningum sem komnir eru frá afgreiðslukössum, hægt er að skipta um dagsetningu og velja einhverja ákveðna kassa í stað allra.

Hægt er að nota CTRL+G til að gera flokkun á gögnum.

Fjöldi klukkustunda í greiningarglugga (súlurit), er hægt að stilla í Stillingar/Stillingar/Greiningar.

Skýrslur


Skýrslur eru settar upp í dkPOS Server hlutanum. Við veljum, *Stillingar* -> *Skýrslur* -> *Skýrslu uppsetning*, síðan [INS Ný] og birtist þá eftirfarandi mynd



Hér er hægt að setja inn nýja skýrslu fyrir t.d. nýja stærð á límmiða fyrir strikamerkjaprentun og senda á afgreiðslukassa.

Flýtihnappar

Til að setja upp flýtihnappa er byrjað að stofna flokk flýtilykla undir *Stillingar* -> *Kassar* -> *Flokkur flýtilykla* – [INS Ný].



Flokkur flýtilykla

Breyta/Stofna flýtihnappahóp 2 - 20 hnappar
Hér má breyta/stofna flokk flýtilykla.

Auðkenni: 2


Lýsing: 20 hnappar

Línufjöldi: 5

Hnappafjöldi: 4

F12 Skrá ESC Hætta við

Því næst er farið í *Stillingar* -> *Kassar* -> *Flýtihnappar* og valinn flokkur flýtilykla sem stofnaður var.



Kassar Uppsetning kassa Flýtihnappahópur Flýtihnappar

Flokkur flýtilykla: [...]

Flokkur	Lýsing	Fjöldi raða	Fjöldi dálka
1	16 hnappar	4	4
2	20 hnappar	5	4

Recordid: 1, 2, 3, 4, 5, 6


1:181

ENT Breyta ESC Hætta

2

Flýtihnapparnir birtast þá og hægt að draga þær vörur sem nota á viðkomandi flýtihnapp.


Ef gera á undirvalmynd nægir að smella tvisvar á viðkomandi hnapp og breyta textanum „ Undirvalmynd“ í það heiti sem nota á.




Stilla má leturstærð, leturlit, feitletrun og lit flýtihnapps í flýtihnappavinnslunni.

Aðgerðarhnappar

Til að setja upp Aðgerðahnappa er farið í dkPos Bakvinnslukerfið. Þar veljum við *Stillingar -> Kassar -> Aðgerðarhnappar*




Aðgerðahnapparnir eru einfaldlega dregnir á þá staði sem þeir eiga að vera á og upplýsingarnar sendar á kassa.



Vinnsluhappar

Til að breyta útliti og fjölda vinnsluhappa er farið í *Kassar* -> *Kassa uppsetning* og flippann *Vinnsluhappar*.

Ef hakið „Nota flipa fyrir vinnsluvalmynd“ er virkjað birtast einungis myndir vinnsluhappa í dkPOS afgreiðslukerfi. Hentar fyrir 12" snertiskjái.



Uppsetning kassa

Breyta kassauppsetningu DEFAULT - Kópavogur
Hér má breyta valinni kassauppsetningu

Almennt Sérsníða Sérsníða 2 Kvittun Reikningur Heimalán **Vinnsluhappar** Fatahreinsun Skýrslur

Nota flipa fyrir vinnsluvalmynd:

Sýna hnappa á vinnsluvalmynd


<input checked="" type="checkbox"/> Birgðir	<input type="checkbox"/> Fatahreinsun
<input checked="" type="checkbox"/> Skuldunautar	<input checked="" type="checkbox"/> Sölumenn
<input checked="" type="checkbox"/> Reikningar	<input checked="" type="checkbox"/> Atburðaskrá
<input checked="" type="checkbox"/> Heimalán	<input checked="" type="checkbox"/> Skýrslur
<input type="checkbox"/> Innborganir	<input checked="" type="checkbox"/> Stillingar

F12 Skrá ESC Hætta við

Sölumenn

Til að geta skráð ákveðin sölumann inn í dkPOS sölukerfið þarf fyrst að stofna starfsmann í dk bókhaldskerfi undir: Almennt/Umsjón/Starfsmenn. Stofna starfsmann.


Þvínæst er sölumaður stofnaður í dk bókhaldskerfi undir: Sölureikningar/Sölumenn/Sölumenn. Stofna sölumann



ATH. Númer sölumanns er það númer sem nota á við innskráningu á dkPOS sölukassa. Veljið svo Starfsmann úr starfsmannalista. Nafna á reikning, hafa t.d. skammstöfun starfsmanns. Ekkki þarf að fylla út í aðra reiti.


Eftir að sölumaður hefur verið stofnaður í dk bókhaldskerfi þarf að fara í dkPOS bakvinnslu, sækja gögn frá dk.

Í dkPOS bakvinnslukerfi er farið í: Gögn/Sölumenn. Tvísmellt á viðkomandi sölumann eða ýtt á „ENT Breyta“ hnappinn. Kemur þá upp Sölumannsgluggi:



Hér er hámarksafsláttur og aðgangsorð sett inn fyrir sölumann ásamt réttindastýringu. Aðgangsorð eru venjulega aðeins fyrir verslunarstjóra eða þá sem hafa meiri réttindi.

Að lokum eru upplýsingar um sölumenn sendar á kassa í gegnum dkPOS bakvinnslukerfi.




Hægt er að nota starfsmannakort til að skrá sölumenn inn í kerfið.

Greiðslutegundir

Til þess að það sé hægt að senda sölugögn(sölureikninga) frá dkPos bakvinnslukerfi til dk viðskiptahugbúnaðar þarf að vera búið að tengja alla greiðslutegundir við bókhaldslykla í dk viðskiptahugbúnaði. Þetta þarf að gera til þess að kerfið viti á hvaða bókhaldslykla á að bóka t.d peninga, visa kort, reikningsviðskipti o.s.frv. Jafnframt þarf að tengja greiðslutegundir í dkPOS bakvinnslu við greiðslutegundir dk viðskiptahugbúnaðar.


Greiðslutegundir í dk viðskiptahugbúnaði

Það fyrsta sem þarf að gera ef það á að senda sölu frá dkPos bakvinnslukerfi til dk er að setja upp greiðslutegundir, tengja þær við dkpos greiðslutegund og bókhaldslykil í dk. Það er gert í Sölureikningar/Afgreiðslukerfi/dkPos/Greiðslutegundir:



Þá er valið Greiðslutegundir og „enter“ og þá opnast glugginn greiðslutegundir. Hér sjást þær greiðslutegundir sem búið er að stofna í dk og hvaða bókhaldslykil þær bókast á .

Til að stofna nýja greiðslutegund þarf að ýta á hnappin INS – NÝ. Þá opnast glugginn Greiðslutegundir og þar er hægt að skrá inn nýja greiðslutegund eða skipta um bókhaldslykil fyrir viðkomandi tegund.



Það þarf að setja inn númer – þá er gott að hafa hlaupandi númer, t.d. 1,2,3 og svo alltaf næsta lausa númer. Heiti, t.d. peningar – Tegund er valin úr lista, t.d. peningar, debetkort, í reikning o.s.frv. Bókhaldslykill sem greiðslutegundin á að bókast á er svo valin t.d. 7850 Sjóður, 7640 kreditkort o.s.frv. ATH. Þegar greiðslumátinn Tilbaka er stofnaður þarf að haka við kerfisgreiðslumáti.

Það er hægt að tengja greiðslumáta við kassa, þá þarf að búa til eins greiðslumáta fyrir alla kassana og tengja þá svo við sér bókhaldslykil.


Þannig er hægt að sundurliða alla greiðslumáta sem koma frá kössunum – t.d. peningar kassi 1, peningar kassi 2 o.s.frv. Ef ekki er þörf á svo ítarlegri sundurliðun þá er kassi dálkurinn hafðu auður og allir kassar nota sömu greiðslutegundar uppsetningu.

Hakið „Opna skúffu“ er einugis fyrir dk Verslunareiningu. Svo þarf að setja inn númer greiðslutegundarinnar í dkPOS bakvinnslu. Númer greiðslumátans Peningar er nr. 1 í dkPOS og það þarf að setja inn í Peninga greiðslutegundina.

Greiðslutegundir í dkPOS afgreiðslukerfinu

Í bakvinnslukerfi dkPOS er hægt er að skoða allar greiðslutegundir sem dkPOS afgreiðslukerfið býður upp á í: Stillingar/Greiðslutegundir.

Þar er hægt að stofna nýja greiðslutegund eða breyta þeirri sem til er fyrir. Hægt er m.a. að ákveða hvort peningaskúffa opnist, hann sé sýnilegur í greiðsluglugga eða gera hann virkan/óvirkan í sölukerfi.




Almennt	
Númer	1
Greiðslumáti	Peningar
Kortaútgefandi	
Lýsing:	Peningar
Opna skúffu	<input checked="" type="checkbox"/>
Virkur	<input checked="" type="checkbox"/>
Upphæð:	0
Birta á greiðsluglugga	<input checked="" type="checkbox"/>
Staðsetning á greiðsluglugga	1

Þegar það er búið að setja upp alla greiðslutegundir og tengja á milli dk hugbúnaðar og dkPOS bakvinnslu, er hægt að senda sölureikninga frá dkPos bakvinnslukerfi yfir í dk viðskiptahugbúnað.

Greiðslutegundir – Gjaldmiðlar

Greiðslutegundin Gjaldmiðlar er uppsetjanleg í bakvinnslu undir: Stillingar/Gjaldmiðlar. Hægt er að sækja gengi dagsins með því að ýta á F5 Valmynd og velja „Sækja gengi með Vefþjónustu“.



The screenshot shows the 'Gjaldmiðlar' (Exchange Rates) settings window in the dkPOS software. The window is titled 'Gjaldmiðlar' and 'Breyta gjaldmiðli USD - Bandaríkjadalur'. It contains the following fields and options:

- Fjöldi aukastafa: 2
- Gengi: 127,12
- Álagsprósenta: 4
- Reiknað gengi: 122,0352
- Nota á kassa:
- ESC Hætta við:

The background shows a table of exchange rates for various currencies:

Gjaldmiðill	Lýsing	Fjöldi aukastafa	Nota á ka...
KIB	GVT - Gengisvísitala ISK	2	<input type="checkbox"/>
KRW	Suðurkóreskt vonn	2	<input type="checkbox"/>
LTL	Litháensk litas	2	<input type="checkbox"/>
LVL	Lettneskur latti	2	<input type="checkbox"/>
MTL	Maltnesk líra	2	<input type="checkbox"/>
MXN			<input type="checkbox"/>
NGN			<input type="checkbox"/>
NOK			<input checked="" type="checkbox"/>
NZD			<input type="checkbox"/>
PLN			<input type="checkbox"/>
RUB			<input type="checkbox"/>
SEK			<input checked="" type="checkbox"/>
SGD			<input type="checkbox"/>
SKK			<input type="checkbox"/>
SRD			<input type="checkbox"/>
TRY			<input type="checkbox"/>
TWD			<input type="checkbox"/>
USD	Bandaríkjadalur	2	<input checked="" type="checkbox"/>
XDR	Sérstök dráttarréttindi	2	<input type="checkbox"/>
ZAR	Suður-Afrískt rand	2	<input type="checkbox"/>


At the bottom of the window, there is a table showing exchange rates for USD:

Gjaldmiðill	Dags.	Gengi
USD	04.01.2005	62,52
USD	01.09.2008	84,18
USD	03.11.2008	125,50
		1.824,46

Nægir að tvísmella á þann gjaldmiðil sem vinna á með og þá kemur spjald hans upp. Hægt þar að ákveða hvort gjaldmiðill sé sýnilegur á kassa, setja inn álagsprósentu á gengi eða handslá inn gengi sem nota á.

Miðlun gagna

Til að miðla gögnum frá dkPOS afgreiðslukössum til dk bókhaldskerfis og frá dk bókhaldskerfi til dkPOS afgreiðslukerfis eru gagnavinnsluhnapparnir í dkPOS bakvinnslu notaðir.



Til að miðla sölugögnum frá dkPOS sölukerfi yfir í dk bókhaldskerfi eru „Sækja frá kössum“ og „Senda til dk“ hnapparnir notaðir.

Til að senda birgðir, viðskiptamenn ofl. frá dk bókhaldskerfi yfir í dkPOS afgreiðslukassa eru „Sækja frá dk“ og „Senda á kassa“ hnapparnir notaðir.


Hægt er að nota sjálfvirka vinnslur fyrir þessi samskipti í bakvinnslu. Stillt undir Stillingar/Verkefni. Sjálfvirkar vinnslur geta t.d. náð í sölugögn af kössum á 10 min. fresti.

Í Verkefnalistanum eru tvö fyrirframskilgeind verkefni: Athuga samband við kassa og Flush queue. Til viðbótar þeim er hægt að skilgreina fjögur önnur verkefni:

- Sækja gögn frá dk**
- Senda gögn á kassa.**
- Sækja gögn frá kassa.**
- Senda gögn til dk.**

Sölureikningar bókaðir

Sölureikningar sem eru sendir frá dkPos bakvinnslukerfi til dk viðskiptahugbúnaðar koma inn í Sölureikningar/Afgreiðslukerfi/dkPos/óbókaðir reikningar



Með því að smella á Óbókaðir reikningar opnast glugginn óbókaðir reikningar, þar er hægt að sjá alla óbókuða reikninga sem hafa verið sendir frá dkPos bakvinnslukerfi yfir í dk bókhaldskerfi.


Til að bóka reikninga í dk, þarf að velja „F5 Valmynd“ í Óbókaðir reikningar glugganum og velja „Bóka reikninga“. Velja þarf það tímabil sem þarf að bóka og ýtt á „F12 Staðfesta“ hnappinn.

Einnig er hægt að fara beint í „Bóka reikninga“ vinnsluna undir Afgreiðslukerfi/dkPOS til að bóka

þegar reikningarnir hafa verið bókaðir eru þeir komnir undir Sölureikningar/Uppflettingar/Prentaðir reikningar. Einnig þarf að uppfæra söludagbók undir: Sölureikningar/Söludagbók.

Stilling á bókun sölureikninga í dk

Áður en reikningar frá dkPos afgreiðslukerfi eru bókaðir þarf að stilla bókun sölureikninga. Það er gert í Sölureikningar/Uppsetning/Almennar stillingar/Bókun sölureikninga:



Hér þarf að velja hvernig á að bóka sölureikningana, 3 valkostir eru í boði:

Handskráð bókun – Þarf að bóka handvirkt í fjárhag.

Eftirábókun – Stofnar söludagbók fyrir ákv. Tímabil – dag eða mánuð. Svo hægt að uppfæra söludagbókina í fjárhag. Mælt með eftirábókun fyrir þá sem nota dkPOS sölukerfið.

Samtímabókun – Sölureikingur bókast beint í fjárhag - engin söludagbók.

Undir Uppsetning eru frekari stillingar eins og: fylgiskjalsnúmer, bókunartímabil og tilvísanir.

Ath. Mikilvægt er að yfirfara allar bókunarstillingar áður en sala er bókuð úr dkPOS í dk bókhaldi.


Vörusala yfir tímabil

Til að sjá vörusölu yfir tímabil er hægt að nota nokkrar skýrslur, bæði í dkPOS og dk bókhaldi.

dkPOS sölukerfi

Í dkpos sölukerfi og bakvinnslu er hægt að sjá sölu dagsins og sölu fyrir tímabil.

dkPOS: Reikningar (hægri valmynd) sýnir sjálfgefið núverandi dag, en ef farið er í F6 Skilyrði er hægt að setja annan dag eða tímabil.



Staða	Dagsetning	Uppgjörnr.	Reikning...	Söluma...	Kass...	Skuldunaut...	Samtals	Samtals m/vsk	Afslát
Bókaður	6.3.2009 14:05:02	20000023	20000120	11	2	0000000000	24,056,22	29,950,00	
Bókaður	6.3.2009 14:05:14	20000023	20000121	11	2	0000000000	184,698,80	229,950,00	
Bókaður	6.3.2009 14:06:18	20000023	20000122	11	2	0000000000	280,32	349,00	
Bókaður	6.3.2009 14:06:32	20000023	20000123	11	2	0000000000	281,12	350,00	
Bókaður	19.3.2009 10:24:45	20000023	20000124	22	2	0000000000	30,52	38,00	
Bókaður	19.3.2009 10:24:57	20000023	20000125	22	2	0000000000	30,52	38,00	
Bókaður	19.3.2009 10:25:01	20000023	20000126	22	2	0000000000	30,52	38,00	
Bókaður	19.3.2009 10:25:07	20000023	20000127	22	2	0000000000	30,52	38,00	
Bókaður	19.3.2009 10:25:11	20000023	20000128	22	2	0000000000	30,52	38,00	
Bókaður	19.3.2009 10:26:30	20000023	20000129	22	2	0000000000	158,23	197,00	
Bókaður	19.3.2009 10:26:36	20000023	20000130	22	2	0000000000	158,23	197,00	
Bókaður	19.3.2009 10:26:41	20000023	20000131	22	2	0000000000	158,23	197,00	
Bókaður	19.3.2009 10:26:48	20000023	20000132	22	2	0000000000	159,04	198,00	
Bókaður	26.3.2009 14:10:08	20000023	20000133	99	2	111	45,78	57,00	
Bókaður	31.3.2009 10:46:36	20000023	20000134	99	2	0000000000	422,49	526,00	
Bókaður	31.3.2009 10:47:19	20000023	20000135	99	2	0000000000	422,49	526,00	
Bókaður	7.4.2009 15:48:18	20000023	20000136	99	2	2702765049	803,00	803,00	
							844.084,43	1.049.874,00	9,2


Vörunúmer	Lýsing	Magn	Afsl. %	Ein. verð m/VSK	Upphæð m/VSK
1000	Ýmislegt 24,5%	1,00	0,00	803,21	803,00
		1,00	AVG=0,00	803,21	803,00

Hægt er að gera nánari síun til að sjá t.d. vörusölu á ákveðinn skuldunaut, birgðageymslu, afgreiðslukassa, sölumann ofl.

Ath. Þessi vinnsla sýnir einungis vörusölu í upphæð, ekki hægt að sjá hvaða vörur voru seldar nema skoða hvern reikning fyrir sig.

dkPOS bakvinnsla

Gögn/Sala (hægri valmynd) sýnir sjálfgefið núverandi dag, en ef farið er í F6 Skilyrði er hægt að setja annan dag eða tímabil.



The screenshot shows the 'Gögn' (Data) section of the dkPOS software. It displays a list of sales transactions for the date 8.4.2009. The table below summarizes the data shown in the screenshot.

Staða	Dagsetning	Uppgjör.nr.	Reikningur nr.	Söluáður	Kassi nr.	Skuldunautur	Samtals	Samtals m/vsk
Bókaður	1.4.2009 09:05:02	10000206	10001812	99	1	0000000000	1.150,20	1.432,00
Bókaður	1.4.2009 09:05:16	10000206	10001813	99	1	0000000000	592,77	738,00
Bókaður	2.4.2009 10:35:59	10000206	10001814	99	1	0000000000	20,08	25,00
Bókaður	6.4.2009 10:17:39	10000206	10001815	99	1	0000000000	3.253,01	4.050,00
Bókaður	6.4.2009 10:21:31	10000206	10001816	99	1	0000000000	3.212,85	4.000,00
Bókaður	7.4.2009 15:48:18	20000023	20000136	99	2	2702765049	803,00	803,00
							9.031,92	11.048,00

Below the sales list, there is a 'Reikningslíkur' (Invoice) section showing a summary of the invoice for the selected date. It includes fields for 'Vörunúmer', 'Lýsing', 'Magn', 'Afst. %', 'Ein. verð m/VSK', and 'Upphæð m/VSK'. The total amount is 803,21 m/VSK.

Hægt er að gera nánari síun til að sjá t.d. vörusölu á ákveðinn skuldunaut, birgðageymslu, afgreiðslukassa, sölumann ofl.

Ath. Þessi vinnsla sýnir einungis vörusölu í upphæð, ekki hægt að sjá hvaða vörur voru seldar nema skoða hvern reikning fyrir sig.

dk hugbúnaður

Í dk hugbúnaði er hægt að nota nokkrar skýrslur til að sjá vörusölu og birgðahreyfingar.

Hægt er að fá tvær viðbótareiningar sem greina sölu betur: Sölugreining og Birgðagreining ásamt ABC greiningu birgða.

Það þarf að vera **búið að bóka sölu frá dkPOS alla leið inn í dk** áður en hægt er að nota greiningartól í dk hugbúnaði.

Greiningar sölu: Sölureikningar/Uppflettingar – F6 lesa inn. Skýrsla kemur með alla vörusölu og upphæðir fyrir viðkomandi tímabil. Skýrslur/Hreyfingarlisti.

Greiningar Birgða: Birgðir/Uppflettingar/Vörur – birgðahreyfingar og söluupplýsingar. Greinagóð skýrsla fyrir vörusölu.

Aðrar leiðbeiningar

Til viðbótar þessari handbók skal bent á eftirfarandi handbækur fyrir dk bókhaldskerfi:

dk Skuldunautar

dk Birgðir

dk Sölureikningar

dk Innkaup

Þessar handbækur eru aðgengilegar á www.dk.is vefsíðunni.

© 2011 dk hugbúnaður. Allur réttur áskilinn.

Handbók – Afgreiðslukerfið dkPOS

Þetta rit er hugsað sem leiðbeinandi efni og getur efni þess breyst án fyrirvara. dk hugbúnaður hf. tekur enga ábyrgð á villum eða rangfærslum sem gætu leynst í skjalinu. Bannað er að endurrita upplýsingar þessa skjals, deila því á opnum vettvangi eða senda það á einn eða annan hátt án þess að fyrir liggi skriflegt leyfi frá dk hugbúnaði ehf.

Ritað af dk hugbúnaði ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur.

www.dk.is